



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðarvegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [sveitarstjorn@myv.is](mailto:sveitarstjorn@myv.is)

## **Fundargerð**

### **Landbúnaðarnefnd.**

#### **1. fundur.**

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd í húsnæði Skútustaðahrepps að Hlíðarvegi 6, mánudaginn 31. júlí 2006.

Mættir voru: Birgir Hauksson formaður, Sólveig Erla Hinriksdóttir, Halldór Árnason, Hjörleifur Sigurðarson og Sigurður Böðvarsson. Einnig sat fundinn Egill Freysteinnsson, fjallskilastjóri.

#### **1 Fundarsetning.**

Birgir Hauksson formaður, setti fund og skipaði Sigurð Böðvarsson fundarritara.

#### **2 Gangnatilhögun.**

Mál varðandi gangnatilhögun rædd og ákveðið að fyrstu göngur skuli fara fram dagana 25 – 26. ágúst, slátrun hefst 4. sept.

#### **3 Önnur mál.**

##### **Grænvetningar og breytingar.**

Hjörleifur víðraði hugmynd sem uppi er meðal Grænvetninga að þeir sæu algjörlega um sitt hólf og beri þá ekki kostnað af öðrum gangnasvæðum. Þessi mál voru rædd um stund.

##### **Girðingar á Austurfjöllum.**

Umræða varð um girðingar á Austurfjöllum sem Landgræðsla ríkisins ætlaði að taka þátt í. Þarna virðist sem einhver misskilningur hafi átt sér stað í vor á milli heimamanna og landgræðslu og virðast því málin vera í einhverjum hnút sem stendur, sem vonandi leysist sem fyrst.

##### **Uppkast að samningi við Grænvetninga.**

Hjörleifur taldi að fyrst ætti að svara hugmynd/ósk Grænvetninga áður en farið yrði að jafna niður dagsverkum og ræða ætti þessa hugmynd við Skúta og Álftunga. Fundarmenn tóku vel í þessa hugmynd og var Hjörleifi falið, ásamt Grænvetningum að búa til uppkast að samningi við landbúnaðarnefnd. Sá

samningur yrði hafður til hliðsjónar ef samið yrði við Skúta og Álftunga. Þetta uppkast verði frágengið fyrir næsta fund.

**Fundur með Austurafréttarnotendum.**

Talsverð umræða varð í framhaldi af lið 4 um breytingar á gangnatilhögun á Austurfjöllum. Voru fundarmenn á því að stokka þyrfti upp og var ákveðið að kalla Austurafréttarnotendur á fund með landbúnaðarnefnd, til viðræðna um þessi mál. Samþykkt að boða fund þann 7. ágúst kl. 20.30 að skrifstofu Skútustaðahrepps.

**Annað.**

Leifur biðst undan gangnaforingjastöðu. Ákveðið að ræða þetta á fundi með gangnaforingjum sem fyrirhugaður er síðar. Mál rædd áfram, meðal annars hvernig flugmálum er háttað í sambandi við göngur og einnig var rætt um breytingu á aksturstaða.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.30

Birgir Hauksson  
Halldór Árnason  
Hjörleifur Sigurðarson  
Sigurður Böðvarsson  
Sólveig E. Hinriksdóttir